

Fundargerð 9. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 31. október kl. 17:20 var haldinn níundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómaraáttindum:

- Daníel Örn Hinriksson: Russian toy
- Herdís Hallmarsdóttir: Border collie
- Sóley Halla Möller: Border collie
- Sóley Ragna Ragnarsdóttir: French bulldog

Stjórn samþykkti réttindin og óskar þeim öllum til hamingju.

2. Gólfefni a Melabraut 17, fylgiskjal 17/23

Fengið var tilboð í gólfefni á gólfið á Melabraut, stjórn ræddi tilboðið og samþykkir. Framkvæmdir fyrirhugaðar í byrjun desember.

3. Frá Ræktunar- og staðlanefnd frá desember 2022, fylgiskjal 18/23

Stjórn tekur aftur fyrir tillögu frá ræktunar- og staðlanefnd varðandi breytingar á ræktunarkröfum fyrir ákveðnar tegundir og nýjar tegundir. Stjórn samþykkir.

4. Deildarsýning Cavalierdeildar, fylgiskjal 19a-d/23

Að fengu álit sýningarstjórnar þá samþykkir stjórn deildarsýningu Cavalierdeildar.

5. Deildarsýningar Schnauzerdeildar, fylgiskjal 20a-g/23

Að fengnu álit sýningarstjórnar þá samþykkir stjórn deildarsýningar Schnauzerdeildar.

6. Önnur mál

Tillaga til vísindanefndar að fá lista af samþykktum DNA stofum.

Framkvæmdastjóri félagsins, Hansína Guðmundsdóttir, hefur látið af störfum fyrir félagið. Staða framkvæmdastjóra verður auglýst fljótlega.

Erna fer yfir vinnu við heimasíðu félagsins.

Erna fer yfir vinnuna sem farið hefur fram og er í gangi við í tengslum við mögulega samstarfsaðila fyrir hundasýningar félagsins.

Fundi slitið kl. 19:15